


## Umsögn um mál nr. 61/2023: Stefnu um nýtt námsmat grunnskóla – Matsferil

Það er ánægjulegt að sjá að hreyfing er komin á umfjöllun um framkvæmd samræmdra prófa. Fram til ársins 2008 höfðu samræmd könnunarpróf við lok grunnskóla yfirbragð lokamats (summative assessment); gáfu upplýsingar um stöðu nemenda við námslok og niðurstöður voru nýttar við inntöku í framhaldsskóla. Samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk sem fyrst voru lögð fyrir 1996 höfðu blandaðri tilgang. Ásamt því að meta stöðu nemenda gáfu þau grunnskólum endurgjöf til að bæta nám og kennslu þeirra nemenda sem tóku prófið meðan niðurstöður samræmdra próf við lok grunnskóla var einungis hægt að nýta til að bæta skólastarf almennt. Því má segja að samræmd könnunarpróf hafi bæði gegnt hlutverki lokamats og leiðsagnarmats (formative assessment) í íslensku menntakerfi.

Nú hafa samræmd könnunarpróf verið aflögð og verið er að leggja grunn að nýju námsmatskerfi grunnskóla – matsferli. Markmiðið er að færa námsmat „nær nemendum og kennurum sem verkfæri til umbóta, skólaþróunar og framfara“. Það er vissulega jákvætt og mjög í anda leiðsagnarmats. Sú útfærsla sem lýst er í drögum að stefnu um nýtt námsmat og skýrslu um framtíðarstefnu um samræmt námsmat hefur þó alvarlega annmarka sem mikilvægt er að bregðast við.

Matsferill á að meta kunnáttu og hæfni út frá aðalnámskrá með safni valfrjálsra mælitækja en einnig innihalda skimunarpróf til að greina námserfiðleika. Erfitt er að sjá hvernig nýta á skimunarpróf þannig að gagn sé að ef prófin eru valfrjáls. Eðli skimunar er að finna einstaklinga sem eiga í erfiðleikum eða eru líklegir til að lenda í erfiðleikum og hafa ekki fengið slíka greiningu áður. Almenn þátttaka er lykilatriði eins og flestir þekkja vel t.d. að mynda í skimunum vegna krabbameins. Því er hæpið að núverandi hugmynd geti virkað í þessum tilgangi.

Annar alvarlegur annmarki er að matsferill mun ekki gefa upplýsingar um stöðu grunnskóla almennt. Nauðsynlegt er að menntayfirvöld og almenningur fái upplýsingar um hvernig grunnskólanemar standa miðað við kröfur aðalnámskrár. Slíkar upplýsingar gefa innsýn í stöðu skóla, sveitarfélaga og landshluta og þar af leiðandi styrkleika og veikleika skólastigsins. Til að mynda sýna niðurstöður samræmdra prófa árin 2000-2020 að árangur á landsbyggðinni er að meðaltali slakari en á höfuðborgarsvæðinu. Nemendur á höfuðborgarsvæðinu eru að meðaltali 0,8 stigum hærrí í stærðfræði í 4. bekk, 2,1 stigi í 7. bekk og 3,0 stigum í 9. bekk. Mynstrið er það sama í íslensku, þar munar 1,5 stigum í 4. bekk, 1,9 stigum í 7. bekk og 2,3 stigum við lok grunnskóla. Þessar niðurstöður sýna að nemendur á landsbyggðinni dragast aftur úr jafnöldrum á höfuðborgarsvæðinu þegar líður á skólagönguna. Hæfnieinkunnir samræmdra prófa árið 2020 sýna sama mynstur. Hlutfall nemenda sem fær D eða C (ná ekki þeirri hæfni sem stefnt er að) má sjá á mynd 1. Í fjórða bekk fellur um þriðjungur nemenda í þennan hóp bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi en þegar komið er í 9. bekk er hlutfallið í stærðfræði 37% á höfuðborgarsvæðinu en 47% úti á landi. Upplýsingar eru fengnar úr skýrslugrunni Menntamálastofnunar: <https://menntamalastofnun.shinyapps.io/skyrslugrunnur/>



Mynd 1. Hlutfall nemenda sem fékk D og C á samræmdum könnunarprófum árið 2020.

Þennan mun má skýra með mörgum þáttum bæði félagslegum og kerfislægum (t.d. menntun kennara og stærð skóla) en ljóst er að með núverandi útfærslu á matsferli hefðum við ekki þessar upplýsingar í höndunum sem hljóta að vera grundvöllur þess hægt verði að finna leiðir til að vinna gegn þessum aðstöðumun sem hér birtist. Það er að segja, matsferill er ekki samræmt námsmat í neinum skilningi og getur því ekki gefið nauðsynlegar upplýsingar um íslenskt grunnskólakerfi sem nemendur, foreldrar, kennarar og skólastjórnendur eiga tilkall til.

Fram kemur að allir skólar eigi að „meta námsárangur nemenda sinna í stærðfræði og íslensku, eða íslensku sem öðru tungumáli“ en óljóst er í hvaða tilgangi eða hvernig það skuli framkvæmt. Ef afla á upplýsinga sem eru sambærilegar verður að leggja fyrir sambærilegt mælitæki og á svipuðum tíma. Ef þetta er einungis sett inn sem lágmarksviðmið um notkun matsferils þá þarf að setja fram nánari upplýsingar um tilgang, að öðrum kosti er óljóst hvaða upplýsinga er verið að afla og hvernig þær eiga að nýtast skólasamfélaginu og menntayfirvöldum. Eins mætti velta fyrir sér hvort ekki þyrfti að meta námsárangur á fleiri greinasviðum. Alþjóðlegar kannanir eins og PISA koma ekki í stað samræmds námsmats því þar er ekki miðað við íslenska aðalnámskrá. Þessar upplýsingar geta tæplega komið frá framhaldsskólum því inntaka nemenda er í höndum skóla og rannsóknir sýna að bakgrunnur nemenda þeirra er mjög ólíkur. Sumir skólar fá aðallega til sín nemendur sem hafa staðið sig vel í námi meðan aðrir taka inn blandaðri hópa og þarna fæst ekki yfirsýn yfir stöðu nemenda við lok grunnskóla.

Við hvetjum menntamálayfirvöld til að endurskoða þessa tillögu og setja inn leið til meta á sambærilegan hátt stöðu nemenda á grunnskólaaldri sem taki mið af aðalnámskrá grunnskóla. Þetta eru nauðsynlegar upplýsingar til að sjá stöðu nemenda þannig að hægt sé að bregðast við og tryggja gæði skólastarfs.

Amalía Björnsdóttir prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Elsa Eiríksdóttir dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands